

4. fundur samstarfsnefndar um sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra haldinn á skrifstofu Bæjarhrepps á Borðeyri þriðjudaginn 27. september 2011 kl. 10:00.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Afgreiðslur;

1. Viðræður við fulltrúa Innanríkisráðuneytis og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Formaður, Leó Örn Þorleifsson, kynnti og gerði grein fyrir viðræðum fulltrúa samstarfsnefndar við fulltrúa Innanríkisráðuneytis og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Á fundinum var farið yfir tímaáætlun samstarfsnefndar um kynningarfund, kosningar og mögulega gildistöku sameiningar sveitarfélaganna, aðkomu Þjóðskrár Íslands og hlutverk kjörstjórna. Engar athugasemdir komu fram við framlagða tímaáætlun frá fulltrúa Innanríkisráðuneytis. Þá var einnig farið yfir möguleg framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ef sameining sveitarfélaganna yrði samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu.

2. Ráðning úttektaraðila.

Skúli Þórðarson, gerði grein fyrir ráðningu KPMG, Odds Jónssonar sem úttektaraðila til að meta fjárhagsleg áhrif mögulegrar sameiningar sveitarfélaganna, annast útgáfu kynningarbæklings og aðra ráðgjöf í vinnuferlinu. Fyrsti vinnufundur fulltrúa samstarfsnefndar með Oddi Jónssyni er fyrirhugaður 5. október nk.

3. Umræða um einstaka málaflokka og verkefni.

Áfram rætt um nokkra af helstu málaflokkum í rekstri sveitarfélaganna og einstök verkefni sem starfað er að og framundan eru.

4. Önnur mál.

A. Samþykkt að næsti fundur verði haldinn á Hvammstanga þann 21. október nk. kl. 10:00

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:20

Leó Örn Þorleifsson.

Sigurður Kjartansson.

Elín R. Líndal.

Jóhann Ragnarsson.

Gísli Kjartansson.

Elín Jóna Rósinberg.

Guðmundur Waage.

Skúli Þórðarson.